

að telja hann við það bundinn. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum hans, að þóknunin hafi verið bundin því skilyrði, að áskrifendur leystu ritið til sín að nokkru eða öllu leyti. Því er ómótmælt, að útgáfa rits þessa hafi átt að hefjast á árinu 1945. Þegar virt er, hve langur tími er síðan liðinn, án þess að ritið hafi komið út, og þess gætt, að ekki virðist útilit fyrir, að útgáfa þess hefjist í náninni framtíð, þá verður að telja, að brotnar séu þær forsendur, sem stefnandi mátti byggja á um greiðslutíma eftirstöðva þóknunarinnar. Samkvæmt þessu verður að telja kröfu stefnanda í gjalddaga fallna. Þar sem fjárhæð hennar út af fyrir sig hefur ekki verið andmælt, verður hún tekin til greina að öllu leyti með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Að því er varðar sýknukröfu réttargælustefnda, Ísafoldarprentsmiðju h.f., þá kemur hún ekki til álita, þar sem engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargælustefnda. Þá þykir heldur ekki efni til að taka til greina kröfu réttargælustefnda um málskostnað.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinns-útgáfunnar, skulu vera sýknir af málskostnaðarkröfu réttargælustefndu, Ísafoldarprentsmiðju h.f. Stefndu, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnsútgáfunnar, greiði stefnanda, Ingólfi Jónssyni, kr. 4876.00 með 6% ársvöxtum frá 26. nóvember 1948 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðhafðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1951.

Nr. 143/1951. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Helga Þorlákssyni (Ragnar Jónsson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir, að ákærði sé sviptur ökuleyfi um

þriggja ára skeið frá 9. júlí 1951 að telja. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Helga Þorlákssonar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi um þriggja ára skeið frá 9. júlí 1951.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Jóns N. Sigurðssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1951.

Ár 1951, mánudaginn 9. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af fulltrúa sakadómar Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2753/1951: Ákærvaldið gegn Helga Þorlákssyni, sem dómtekið var 6. júlí s.l.

Mál þetta er að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn ákærða Helga Þorlákssyni bifreiðarstjóra, Mávahlið 39, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941 til refsingar, ökuleyfisviptingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. júlí 1907 að Múla-koti á Siðu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum: í Reykjavík:

- 1932 1/7 Dómur lögregluréttar: 150 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
- 1933 28/9 Sætt, sekt 5 kr. fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
- 1934 28/7 Sætt, sekt 80 kr., fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 4/1 Dómur lögregluréttar, 100 kr. sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir brot gegn 5. gr. laga nr. 70/1931 og 20. gr. laga nr. 64/1930. Staðfest í Hæstarétti 25/3 1935. Veitt leyfi á ný 1937.

1941 28/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir að hlýða ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1947 22/1 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1949 13/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Í Gullbringu- og Kjósarsýslu:

1949 2/9 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaganna.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 3. febrúar s.l., kl. 9.40, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að ölvaður maður myndi vera að aka bifreið úti á Seltjarnarnesi. Lögreglumenn héldu þangað. Fundu þeir bifreiðina, sem var R. 5622, á móts við Sólberg á Seltjarnarnesi. Hafði henni verið ekið út af veginum á grindverk, er hún hafði brotið. Bifreiðarstjóri bifreiðar þessarar, ákærði Helgi Þorláksson, var inni á Sólbergi hjá kunningjafólki sínu undir áhrifum áfengis. Ákærði var fluttur á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Hjá Sveinbirni Matthíasi Október Sveinbjörnssyni varðstjóra skýrði ákærði frá því, að hann hefði setzt að drykkju, eftir að hann hætti að aka bifreiðinni, en hann neitaði eindregið að hafa neytt áfengis, áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar. Úr ákærða var því næst tekið blóðsýnishorn og hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Fyrir rétti síðar sama dag skýrði ákærði þannig frá, að hann hafi hitt Gunnar Jónsson fyrir utan heimili sitt eitthvað fyrir kl. 8 um morguninn. Var Gunnar eitthvað undir áhrifum áfengis og hafði meðferðis brennivínsflösku. Ákærði vissi ekki um, hvernig flaskan var keypt, en hann borgaði sinn hluta á staðnum. Ákærði ók síðan Gunnari á bifreiðinni R. 5622, sem hann ekur hjá Oliufélaginu, að Sólbergi. Er þangað kom, ætlaði ákærði að skilja Gunnar eftir, en systir Gunnars býr þarna. Ákærði hugðist nú snúa bifreiðinni við, en hún fór þá út af veginum á grindverk. Ákærði hélt síðan inn í Sólberg til að fá lánaðan síma til að ná bifreiðinni upp. Þarna var tekin upp brennivínsflaskan, sem þeir ákærði áttu, og neytti ákærði af henni. Komst hann undir áfengisáhrif af vinneyzlunni. Skömmu síðar kom lögreglan á vettvang og handtók ákærða. Ákærði neitaði að hafa neytt nokkurs áfengis daginn áður né um nóttina. Kvaðst hann ekkert áfengi hafa drukkið, fyrr en hann hafði ekið bifreiðinni út af.

Kristján Gunnar Jónsson, sem var með ákærða í umrætt skipti, mætti sem vitni. Hann kvað þá ákærða hafa setið að drykkju að Sólbergi fram á nótt, líklega til kl. 1—2 eða að ganga 3. Drukku þeir saman eina brennivínsflösku. Þá fóru vitnið og ákærði heim til ákærða á leigubifreið. Þar átti ákærði öflösku af brennivíni óblönduðu. Neyttu þeir af flöskunni og blönduðu áfengið með vatni. Vitnið man ekki, hve lengi þeir sátu að drykkju, en telur það hafa verið frá kl. 3—5 að ganga 6. Ákærði vildi nú aka vitninu út á Seltjarnarnes. Vitnið reyndi að aftra því, en lét þó tilleiðast, og ók ákærði honum að Sólbergi. Úti á Seltjarnarnesi festist bifreiðin í skafli, og ætlaði ákærði að losa hana með því að aka henni aftur á bak, en hún fór þá út af veginum á girðingu, sem brotnaði.

Vitnið fór nú inn í Sólberg, en ákærði varð eftir hjá bifreiðinni. Kom

hann skömmu síðar inn í Sólberg og hringdi á aðstoð. Ekkert áfengi höfðu þeir félagar meðferðis í bifreiðinni, og vitnið varð eigi vart við, að ákærði neytti þess inni í húsinu hjá sér. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um, hvort ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn, en það var sjálft með áfengisáhrifum. Vitninu fannst ákærði „fær í flestan sjó“, og hafi hann verið með áfengisáhrifum, hafi það eigi verið mikið. Vitnið fann ekkert athugavert við akstur ákærða og kvað hann hafa ekið hægt og rólega.

Er framburður vitnisins var lesinn fyrir ákærða, breytti hann honum. Hann kvaðst nú hafa setið að Sólbergi fram til um kl. 2 um nóttina við drykkju með vitninu. Komst ákærði undir áhrif áfengis. Síðan fóru þeir heim til ákærða og sátu þar að tali, en neyttu ekki víns. Ákærði kvað það nú vel geta verið, að Vitnið Gunnar hafi verið heima hjá sér allt til morguns, en telur, að vitnið hafi farið út í millitíðinni. Ákærði kvaðst ekki hafa sofið um nóttina, og hafi hann því verið „sjúskaður“, er hann ók, en ekki undir áhrifum áfengis. Ákærði kvað þá hafa drukkið pela þann, sem vitnið talar um, um kl. 20 um kvöldið, en neitar, að þeir hafa drukkið áfengi heima hjá sér um nóttina. Hann hélt fast við, að Gunnar hafi haft brennivínsflösku óátekna í vörzlu sinni heiman frá sér um morguninn út á Seltjarnarnes, en þar hafi þeir neytt af henni.

Voru nú vitnið og ákærði samprófaðir. Vitnið hélt fast við framburð sinn. Það kvað enga brennivínsflösku hafa verið með í förinni út á Seltjarnarnes og varð eigi vart við, að ákærði neytti neins áfengis úti á Seltjarnarnesi. Ákærði kvaðst nú hafa neytt líklega 3 sopa óblandaðra af áfengi úti á Seltjarnarnesi um morguninn, eftir að hann hætti akstri. Eigi náðist frekara samræmi á framburðum ákærða og vitnisins.

Vitnið Unnur Hlíf Jónsdóttir, húsrú að Sólbergi, kveður þá ákærða og Gunnar Jónsson, bróður þess, hafa komið heim til sín kl. 8.30 um morguninn. Þeir voru báðir „sjúskaðir“ og óútsofnir, en vitnið getur ekki sagt um, hvort þeir hafi verið með áfengisáhrifum. Þeir kváðu bifreið þá, er ákærði ók, hafa farið út af veginum. Vitnið vissi ekki til, að þeir hefðu vín meðferðis og ekki heldur, að neitt áfengi væri um hönd haft í íbúðinni hjá sér. Þeir ákærði og Gunnar höfðu setið að vindrykkju heima hjá vitninu að Sólbergi fram til kl. 2 fyrrgreinda nótt, en farið síðan á brott.

Ákærði dvaldist mestan þann tíma, sem hann var að Sólbergi, í þvotta-húsinu þar, en kom tvisvar eða þrisvar til að fá léðan síma. Sömuileiðis var ákærði nokkra stund úti við bifreiðina.

Vitnið Jón Jason Ólafsson kveðst hafa fyrrgreindan morgun heyrt hljóð, er benti til þess, að bifreið hefði verið ekið út af veginum. Það leit út um glugga og sá þá, að ákærði var að reyna að ná bifreiðinni aftur upp á veginn. Fáum mínútum síðar fór vitnið út í mjólkurbúð að Vegamótum. Þar var ákærði staddur, og hafði vitnið tal af honum. Vitnið sá, að ákærði var töluvert drukkinn.

Lögreglumönnum þeim, sem höfðu tal af ákærða, ber saman um, að hann hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis.

Í blóðsýnishorninu úr ákærða fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.67 af þúsundi af alkohóli.

Þegar virt eru eftirtalin atvik í máli þessu: a) framburður vitnisins Jóns Jasonar Ólafssonar um, að ákærði hafi verið töluvert drukinn, er vitnið átti tal við hann fáum mínútum eftir, að hann ók út af veginum, b) framburður vitnisins Kristjáns Gunnars Jónssonar um áfengisneyzlu ákærða um nóttina og að vitnið varð eigi vart við, að ákærði neytti áfengis, eftir að hann ók út af veginum, c) framburður Hlifar Jónsdóttur um það, að hún hafi eigi orðið vör við, að ákærði hafi neytt áfengis að Sólbergi um morguninn, d) reikull framburður ákærða sjálfs, e) áfengis-ákvörðunin í blóði ákærða, er sýndi 1.67 af þúsundi af reducerandi efnum, er samsvara alkohóli, með tilliti til þess framburðar ákærða, að hann hafi drukkið 3 sopa af áfengi, eftir að hann hætti að aka, svo og f) framburður lögreglumannanna um áfengisáhrif á ákærða, þykja nægar sannanir fengnar fyrir því, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn í umrætt skipti þrátt fyrir neitun hans um það.

Með því að aka bifreið undir áhrifum áfengis hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941.

Með tilliti til þess, að ítrekunaráhrifin af fyrra broti ákærða eru fyrnd, þykir refsing hans með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 6/1951 hæfilega ákveðin 1500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt 4/1 1935, en veitt ökuleyfi á ný 1937. Rétt þykir að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt að nýju frá birtingu dóms þessa, þar sem hann þykir hafa brugðizt því trausti, sem honum var sýnt með því að veita honum ökuleyfi að nýju 1937.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Ragnars Jónssonar hrl.

Skaðabótakrafan frá Jóni Ólafssyni hefur verið afgreidd utan dóms með samkomulagi við ákærða.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Þorláksson, greiði 1500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Ragnars Jónssonar hrl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.